

Safari – virkja/afvirkja pop-up blocker

Til að geta komist inn í fjarkennslustundir í Apple farsímum, Iphone nánar tiltekið, þá þarf að leyfa pop-up, þ.e. það þarf að afvirkja pop-up blocker fyrir Safari vafrann.

Þetta ætti að vera einfalt á flestum Iphone símum.

Fyrst þarf að fara í **Settings** í símanum, þar þarf að fletta niður þar til við finnum **Safari** og velja það. Nú flettum við þar niður þar til við finnum **Block Pop-ups**, sem ætti þá að vera grænt, þýðir að það er virkt. Við slökkvum sem sagt á því og þá ættu okkur að vera allir vegir færir í Innu og fjarkennslustundum.

Eftir að þetta hefur verið gert þá er notandinn hins vegar alltaf spurður þegar opna á glugga (t.d. þegar farið er í fjarkennslustund) hvor hann vilji leyfa opnun eða blokka hana (Allow eða Block) og auðvitað veljum við Allow 😊

Ef nota á Safari vafrann í Apple tölvum þarf líka að afvirkja pop-up blocker. Það er gert með því að fara inn á viðkomandi vefsíðu í Safari, í þessu tilfalli Innu. Því næst er valið **Safari** úr valmyndinni efst, við hliðina á eplinu, og þar valið **Preferences**. Í sumum útgáfum af stýrikerfinu þarf að velja Websites og haka þar í Allow pop-ups, en í öðrum þarf að velja **Security** úr valmyndinni sem kemur upp og þar þarf að taka hakið úr **Block pop-up windows**. Þá ættu okkur að vera allir vegir færir á Innu í Safari 😊

Hér er hlekkur sem vísar á YouTube kennslumyndband fyrir tölvurnar:

https://www.youtube.com/watch?time_continue=0&v=Rvoi8g1C6C8&feature=emb_logo